

## Hagsmunagæsla í úrgangsmálum

# Ársskýrsla 2008

### Meðal efnis:

- Inngangur
- Verkefnisstjórnin og fundir hennar
- Verkefni á árinu
- Innlend og erlend samskipti
- Ávinningur af verkefninu
- Rekstareikningur 2008

## 1. Inngangur

Meðhöndlun úrgangs er eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga, allt frá söfnun úrgangs frá heimilum til förgunar hans með brennslueða urðun. Regluverkið um meðhöndlun úrgangs er að grunni til frá Evrópusambandinu og í nýrri rammatilskipun um úrgang er gert ráð fyrir talsverðum breytingum á meðhöndlun úrgangsins á næstu árum, með áherslu á aukna endurvinnslu og aðgerðir til að draga úr myndun úrgangs og stöðugt minni úrgang til urðunar. Þessar breytingar munu kosta sveitarfélög

verulegar upphæðir. Einkafyrirtæki hafa haslað sér völl í meðhöndlun úrgangs sem mörg sveitarfélög notfæra sér. Ríkið rekur Úrvinnslusjóð sem á að stuðla að því að auka endurvinnslu með álagningu úrvinnslugjalds á tiltekna vörur, svo sem pappambúðir og hjólbarda, sem endurgreiðist þegar þessar vörur verða að úrgangi og hafa farið í tiltekna endurvinnslu. Til að styrkja stöðu sveitarfélaga í þeim samskiptum sem munu eiga sér stað milli þeirra sjálfra, og milli atvinnulífsins og ríkisvaldsins var ákveðið um mitt sumar 2007 að stofna til tímabundins verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum. Markmið verkefnisins eru m.a. að vinna að móttöku sameiginlegrar stefnu sveitarfélaga í úrgangsmálum og auka áhrif sveitarfélaga við stefnumótun í málaflokknum. Nær öll sveitarfélög hafa ákveðið að taka þátt í verkefninu, verkefnisstjóri var ráðinn í nóvember 2007 og verkefnisstjórn skipuð í desember þetta ár. Verkefnið mun standa í þrjú ár, frá 1. janúar 2008 til 31. desember árið 2010.





## Efnisyfirlit

|     |  |    |
|-----|--|----|
| 1.  | Inngangur  | 1  |
| 2.  | Verkefnisstjórnin og fundir hennar               | 3  |
| 3.  | Helstu verkefni á árinu                          | 4  |
| 3.1 | Áherslupunktur í úrgangsmálum                    | 4  |
| 3.2 | Umsagnir um frumvörp til laga og reglugerðardrög | 4  |
| 3.3 | Staða úrgangsmála hjá sveitarfélögum             | 5  |
| 3.4 | Heimasíða  | 5  |
| 4.  | Samskipti  | 7  |
| 4.1 | Innlend samskipti                                | 7  |
| 4.2 | Erlend samskipti                                 | 8  |
| 5.  | Ávinningur af verkefninu                         | 10 |
| 6.  | Rekstur verkefnisins 2008                        | 11 |

Ársskýrsla Verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum 2008

© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

2009/10

Umsjón með útgáfu: Lúðvík E. Gústafsson

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Ársskýrslan er eingöngu gefin út í vefútgáfu.

## 2. Verkefnisstjórnin og fundir hennar

Verkefnisstjórnin er skipuð sex aðalmönnum og sex til vara sem eru eftirfarandi:

### Aðalmenn:

Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu bs.

Eiður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Flokkunar ehf.

Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja.

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Suðurlands.

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands.

Unnur Ása Atladóttir, verkefnisstjóri á umhverfismálasviði, Fjarðabyggð.

### Varamenn, í sömu röð og aðalmenn:

Frosti Gíslason, Vestmannaeyjabæ. Í stað hans kom í maí 2008 Ólafur Snorrason og svo í nóvember 2008 Friðrik Björgvinsson.

Hafsteinn Gunnarsson, Sorpsamlagi Þingeyinga.

Haukur Ingi Einarsson, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Jón Örn Berndsen, Sveitarfélaginu Skagafirði.

Ólafur Prebensson, Funa Ísafirði. Í stað hans kom í júní 2008 Vernharður Jósefsson, stöðvarstjóri Funa.

Katrín Ásgeirsdóttir, Fljótsdalshéraði.

Verkefnisstjóri var ráðinn **Lúðvík E. Gústafsson** sem tók til starfa 1. janúar 2008.

Verkefnisstjórn hélt fimm fundi á árinu. Á fyrsta fundi þann 18. febrúar var Björn H. Halldórsson kosinn formaður verkefnisstjórnar og Hrefna B. Jónsdóttir varaformaður. Helstu umfjöllunarefni á fundunum voru áherslur sveitarfélaga í úrgangsmálum, þátttaka fulltrúa sveitarfélaga í nefnd um pappírsúrgang, frumvarp til laga um raf- og rafeinda-tækjaúrgang og síðan reglugerð í kjölfar setningar laganna, svo og samskipti við innlenda og erlenda aðila í úrgangsmálum og þátttöku nýju evrópsku verkefni um ábyrgð og forræði sveitarfélaga þegar kemur að meðhöndlun úrgangs. Nánar verður greint frá þessum málum hér á eftir.



Frá 1. fundi verkefnisstjórnar. Frá vinstri til hægri: Lúðvík E. Gústafsson verkefnisstjóri, Guðmundur T. Ólafsson, Unnur Ása Atladóttir, Hrefna B. Jónsdóttir, Björn H. Halldórsson, Eiður Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Ögmundur Einarsson, stjórnarmaður í Úrvinnslusjóði, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræðisviðs sambandsins.

## 3. Helstu verkefni á árinu

### 3.1 Áherslupunktur í úrgangsmálum

Eitt af helstu markmiðum verkefnisins er stefnumótun sveitarfélaga í úrgangsmálum. Strax á fyrsta fundi verkefnisstjórnar í febrúar voru lagðar fram hugmyndir að áherslupunktum sem hafa síðan verið ræddar á öllum fundum verkefnisstjórnarinnar. Fljótlega var ákveðið að láta áherslunum fylgja aðgerðaráætlun til að hrinda þeim í framkvæmd þar sem það á við. Nánari skýringar og upplýsingar um einstök atriði úr áherslunum er að finna í svokölluðum bakgrunnstexta, sem er jafnframt hugsaður sem gagnagrunnur. Stjórn sambandsins samþykkti áherslurnar á fundi sínum í janúar 2009.

### 3.2 Umsagnir um frumvörp til laga og reglugerðardrög

#### a. Raf- og rafeindatækjaúrgangur

Framvarp til laga um innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96 frá árinu 2002 um raf- og rafeindatækjaúrgang hefur verið í vinnslu frá árinu 2003 hjá umhverfisráðuneytinu. Alþingi samþykkti 30. maí 2008 lög nr. 73 um breytingu á lögum nr. 55/2003 um úrgang. Sambandið gerði veigamiklar athugasemdir við margar greinar frumvarpsins í umsögn sinni til Alþingis. Tilskipunin hafði verið innleidd í regluverk margra ESB-landa og því var komin nokkur reynsla á

framkvæmd meðhöndlunar á þessum úrgangi. Einn af hornsteinum í tilskipuninni átti að vera ábyrgð framleiðenda að sjá um meðhöndlun á raf- og rafeindatækjaúrgangi og þar með ábyrgð að bera kostnaðinn við meðhöndlunina. Orðalag tilskipunarinnar mátti túlka á ýmsa vegu um það hve langt kostnaður framleiðenda átti að ná og því hefur framkvæmd hennar verið mjög mismunandi.

Í sumum Evrópulöndum bera sveitarfélög talsverðan kostnað við söfnun og flutning, en í öðrum eru framleiðendur einnig ábyrgir fyrir söfnun og flutningi. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að sveitarfélög bæru allan kostnað við söfnun, þ.e. að búa til pláss fyrir söfnunargáma á söfnunarstöðvum, sjá til þess að slíkir gámar væru til staðar og reka söfnunina. Samtök framleiðenda og innflytjenda í formi svokallaðra skilakerfa áttu svo að taka við uppsöfnuðum úrgangi á söfnunarstöðvum.

Sambandið benti í umsögn sinni á að slíkt fyrirkomulag hefði í för með sér talsverða kostnaðarhækkun fyrir sveitarfélög og vísaði m.a. í greinargerðir evrópskra samtaka sveitarfélaga á borð við CEMR og ACR+. Evrópsk sveitarfélög hafa árum saman barist fyrir því að ákvæðum um framleiðendaábyrgð yrði fylgt eftir af alvöru. Í meðförum Alþingis tók frumvarpið þeim breytingum að nú eru sveitarfélög eingöngu ábyrg fyrir því að leggja til aðstöðu fyrir gáma

undir raf- og rafeindatækjaúrgang sem skilakerfi þurfa að útvega og flytja síðan til viðeigandi meðhöndlunar. Sveitarfélög geta rekið söfnunina og hafa heimild til að innheimta útlagðan kostnað skv. gjaldskrá sem umhverfisráðherra setur. Þessi breyting mun hafa í för með sér talsverða lækkun á kostnaði fyrir sveitarfélög miðað við fyrstu frumvarpsdrög. Ekki voru teknar til greina athugasemdir sambandsins um samsetningu stýrinesfndar, sem verður án fulltrúa sveitarfélaga.

Fljótlega eftir útgáfu laganna komu fram drög að reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgang. Sambandið gerði Umhverfisstofnun grein fyrir sinni afstöðu til draganna. Umhverfisráðuneytið sendi sambandinu í kjölfarið ný drög með beiðni um umsögn. Sátt hefur náðst um flest ákvæði, en sveitarfélög gengu út frá því að þurfa einungis að bjóða einu skilakerfi aðstöðu á hverri söfnunarstöð. Ekki var fallist á það en sem stendur hefur einungis eitt skilakerfi verið myndað.

Stýrinesfndin gerði í september tillögu að gjaldskrá fyrir útlagðan kostnað sveitarfélaga við móttöku og söfnun á raf- og rafeindatækjaúrgang. Sambandið hafnaði tillögunni umsvifalaust þar sem hún gerði einungis ráð fyrir endurgreiðslu lítils hluta kostnaðar sem fellur á sveitarfélög við meðhöndlun þessa úrgangs. Sambandið hefur lagt á það áherslu að sveitarfélög fái allan kostnað greiddan við söfnun þessa

úrgangs. Gjaldskráin var samþykkt í mars 2009.

#### b. Fráveitur

Frumvarp til laga um fráveitur sveitarfélaga hefur verið í undirbúningi hjá umhverfisráðuneytinu og var það lagt fram á Alþingi í desember. Frumvarpið skapar nauðsynlegan lagagrunn undir rekstur fráveitna á vegum sveitarfélaga. Fulltrúar sveitarfélaga hafa verið í undirbúningsnefnd fyrir frumvarpið. Sambandið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en leggur áherslu á að ríkið haldi áfram stuðningi við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga. Frumvarpið varð að lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna í mars 2009.

### 3.3 Staða úrgangsmála hjá sveitarfélögum


Með setningu laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs var sett stefna í úrgangsmálum til næstu sautján ára. Mestu fyrirsjáanlegu breytingar snerust um að auka endurvinnslu lífræns úrgangs og minnka magn þessa úrgangs til endanlegrar förgunar, þ.e. fyrst og fremst að draga úr urðun úrgangs. Þessar breytingar kölluðu á verulegar nýframkvæmdir við meðhöndlun úrgangs og gætu haft í för með fjárfestingar upp á 10-15 ma kr.

Umhverfisstofnun gaf árið 2004 út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004 til 2016 sem átti m.a. að

vera leiðarljós fyrir sveitarfélög sem urðu að gera sínar eigin svæðisáætlanir. Það var svo sveitarfélögum algjörlega í sjálfsvald sett hvort þau færu ein eða með öðrum sveitarfélögum í vinnu við svæðisáætlanir.

Á árinu 2008 voru flest sveitarfélög komin með svæðisáætlun, en reiknað er með að síðustu svæðisáætlanir líti dagsins ljós á fyrri helmingi ársins 2009. Endurskoðun er hafin á svæðisáætlun stærsta svæðisins, samstarfs fjögurra sorpsamlaga, Sorpstöðvar Suðurlands, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, SORPU og Sorpurðunar Vesturlands. Sú endurskoðun mun sæta mati á umhverfisáhrifum áætlana, skv. lögum nr. 106/2005 um umhverfismat áætlana. Reiknað er með að endurskoðuð svæðisáætlun verði lögð fram til almennrar kynningar snemma á árinu 2009.

Verkefnisstjóri hitti á árinu fulltrúa flestra sorpsamlaga og sveitarfélaga. Á þessum fundum hefur verkefnið verið kynnt og staða mála rædd. Samkvæmt reglugerð nr. 738/2003 um úrgang mega eftir júlí 2009 aðeins vera starfræktir urðunarstaðir sem uppfylla allar kröfur reglugerðarinnar. Sveitarfélög hafa undirbúið sig undir nauðsynlegar breytingar, ýmist með því að loka urðunarstöðum, hefja vinnu við að finna nýja staði eða aðlaga núverandi staði að þeim tæknikröfum sem fram koma í reglugerðinni. Þó er ástæða til þess að athuga



## 4. Samskipti

sérstaklega gassöfnun. Margir urðunarstaðir á landsbyggðinni eru það litlir að gasmyndun frá rotandi úrgangi er mjög lítil. Umhverfisstofnun kannaði á árunum 2002 og 2003 gasmyndun á nokkrum urðunarstöðum. Niðurstaðan var sú að gasmyndun væri sums staðar það lítil að erfitt yrði jafnvel að kveikja í gasinu, hvað þá að það væri hægt að safna gasi til nýtingar. Sumir urðunarstaðir tilheyra sveitarfélögum sem teljast afskekkt byggð í skilningi reglugerðarinnar þar sem heimilt er að falla frá tilteknum tækniröfum, svo sem botnþéttingu og gassöfnun.

### 4.1 Innland samskipti

#### 4.1.1 Teymisfundir

Umhverfis- og utanríkisráðuneyti, Umhverfisstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa um nokkurt skeið átt samstarf um framvindu á innleiðingu gerða Evrópusambandsins í EES-samninginn og svo íslenska löggjöf. Fulltrúar þessara aðila hafa myndað svokallað EES-teymi sem hittist reglulega. Umfjöllunarefni á þessum fundum eru annarsvegar gerðir sem tilheyra II. viðauka EES-samningsins er varðar efnamál, og hinsvegar gerðir sem tilheyra XX. viðauka

sem fjallar um umhverfismál. Á árinu 2008 voru haldnir sjö fundir í EES-teyminu. Af hálfu fulltrúa sambandsins var lögð áhersla á að fylgjast með framvindu gerða um vatnsstjórn, um vernd grunnvatns, um flóðahættu, um úrgang, um flutning úrgangs, um rafhlöður og rafgeyma og um viðmiðunarmörk fyrir loftmengandi efni. Tilskipun um vatnsstjórn er frá árinu 2000 og hefur nýlega verið innleidd í EES-samninginn. Íslensk stjórnvöld hafa tíma fram til desember 2009 til að innleiða hana í íslenska löggjöf. Samráðshópur um innleiðingu hennar hefur verið myndaður, með fulltrúa frá sambandinu. Hinar tilskipanir bíða innleiðingar í EES-samninginn. Auk teymisfunda hefur sambandið átt marga aðra fundi með umhverfissráðuneytinu um hagsmunamál sveitarfélaga, t.d. vegna framkvæmdar laga og reglugerðar um raf- og rafeinda-tækjaúrgang, eins og greint hefur verið frá hér á undan.

### 3.4 Heimasíða

Á heimasíðu sambandsins, [www.samband.is](http://www.samband.is), hefur verið stofnað vefsvæði undir heitinu „Verkefnisstjórn í úrgangsmálum“. Á þessari síðu er að finna margskonar upplýsingar um úrgangsmál, svo sem um öll lög og reglugerðir er varða meðhöndlun úrgangs, þ.á.m. gerðir Evrópusambandsins, um stöðu úrgangsmála á landinu og samskipti við innlenda og erlenda aðila svo eitthvað sé nefnt. Þessi síða mun einnig nýtast til að flytja áhugaverðar fréttir af úrgangsmálum, bæði innlendum og erlendum.



## Staða svæðisáætlana í árslok 2008

| Svæði  | Staða verks                                  |
|--|--|
| Sorpurðun Vesturlands, SORPA, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, Sorpstöð Suðurlands, Reykhólasveit  | 1. útg. 2005, endurskoðun yfirstandandi      |
| Ísafjörður, Bolungarvík, Súðavík, Tálknafjörður, Vesturbyggð   | Í vinnslu                                    |
| Strandabyggð, Kaldrananeshreppur, Árneshreppur, Bæjarhreppur   | Í vinnslu                                    |
| Húnaþing vestra  | 1. útg. mars 2006                            |
| Norðurá bs.: Húnavatnshreppur, Blönduós, Skagaströnd, Skagahreppur, Skagafjörður, Akrahreppur, Fjallabyggð (Siglufjörður)  | 1. útg. janúar 2007                          |
| Flokkun ehf: Fjallabyggð (Ólafsfjörður), Dalvíkurbyggð, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur:   | 1. útg. október 2005, endurskoðun hafin      |
| Þingeyjarsveit, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur  | Í vinnslu                                    |
| Langanesbyggð, Svalbarðshreppur  | 1. útg. 2007                                 |
| Austurland: Vopnafjörður, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjörður eystri, Seyðisfjörður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Hornafjörður | 1. útg. apríl 2006, viðbótarúttekt júní 2008 |
| Skaftárhreppur   | Í vinnslu                                    |
| Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra austan Markarfljóts  | Í vinnslu                                    |
| Vestmannaeyjar   | Í vinnslu                                    |

### 4.1.2 Umhverfisstofnun

Verkefnisstjóri hefur átt nokkra fundi með fulltrúum Umhverfisstofnunar á árinu. Talsverðar mannbreytingar hafa átt sér stað hjá Umhverfisstofnun, nýir sérfræðingar í úrgangsmálum tóku til starfa á haustmánuðum. Á fundunum var rætt um stöðu úrgangsmála á landinu almennt, en sérstaklega um stöðu starfsleyfa urðunarstaða. Í því samhengi skipta mestu máli væntanlegar tækniröfur, þ.e. gassöfnun og botnþétting fyrir starfandi urðunarstaði. Sambandið hefur lagt áherslu á að gassöfnun á urðunarstöðum verði skoðuð sérstaklega m.t.t.

Þess hvort hún skilar nokkrum ávinningi, ef tilgangur hennar er nýting gassins eða að kveikja í því til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Ennfremur var rætt um endurskoðun á landsáætlun um úrgangsmál sem er nú hafin hjá Umhverfisstofnun. Verkefnisstjóri hefur gert athugasemdir við fyrstu drög að landsáætlun.

### 4.1.3 Undirbúningur EcoProcura 2009

Verkefnisstjóri hefur tekið þátt á undirbúningsfundum fyrir ráðstefnuna EcoProcura 2009 sem áheyrnarfulltrúi.

Þessi ráðstefna er haldin á þriggja ára fresti, að þessu sinni verður hún í Reykjavík í mars 2009. Meginþema á ráðstefnunni eru vistvæn innkaup, á ráðstefnunni í Reykjavík verður áherslan lögð á það með hvaða hætti vistvæn innkaup geta stuðlað að minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda. Lykilorðið er hér „Climate Neutral“. Skipuleggjandi ráðstefnunnar er alþjóðlegu samtök sveitarfélaga ICLEI, í samvinnu við Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg hefur því leitt undirbúningsvinnu hér á landi og er aðalstyrktaraðili.

#### 4.1.4 Afmælisráðstefna FENÚR

FENÚR, fagráð um endurvinnslu og úrgang, var stofnað 9. desember 1998. Í tilefni þess að FENÚR varð 10 ára á árinu þótti ástæða til að halda afmælisráðstefnu. Verkefnisstjóri tók, ásamt fulltrúa SORPU, Samtaka iðnaðarins og umhverfisráðuneytisins, þátt í undirbúningi ráðstefnunnar. Hún var haldin þann 9. desember í Turninum í Kópavogi og þótti hin veglegasta. Fyrir hádegi var farið yfir aðdraganda að stofnun FENÚR og fyrstu tíu ár í starfi fagráðsins. Eftir hádegi voru haldin mörg stutt erindi um framtíðarsýn, hverjir væru þátttakendur í meðhöndlun úrgangs og hvaða sýn þeir hefðu á þróun úrgangsmála.

#### 4.15 EIPA

Sumarið 2008 ákváðu Samband íslenskra sveitarfélaga, umhverfisráðuneytið, fjármálaráðuneytið og forsætisráðuneytið að taka þátt í samevrópsku verkefni um mat á áhrifum löggjafar Evrópusambandsins á sveitarfélög. Verkefninu er stýrt af hollenskri rannsóknarstofnun í stjórnunarfræðum, European Institute of Public Administration (EIPA). Sérstaklega á að athuga áhrif tveggja tilskipana ESB, annarsvegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/18/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga, og hinsvegar um tilskipun ráðsins nr. 1999/31/EB um urðun úrgangs. Verkefnið hófst með því að í október 2008

var tveimur spurningarlistum um innleiðingu þessara tilskipana hér á landi svarað.

## 4.2 Erlend samskipti

### 4.2.1 CEMR

Samtök evrópskra sveitarfélaga og svæða CEMR (Council of European Municipalities and Regions) starfrækja margar vinnunefndir, þ. á m. nefnd um umhverfismál. Þessi nefnd heldur fundi tvisvar á ári, einn fund í Brüssel, annan fund á öðrum stað í Evrópu, og var sá fundur haldinn á árinu 2008 í Edinborg. Auk þess starfa svokallaðir fókushópar undir umhverfisnefndinni. Verkefnisstjóri hefur setið f.h. sambandsins einn fund fókushóps um úrgang í Brüssel í mars 2008, og báða fundi umhverfisnefndar. Á árinu 2008 lauk vinnu við endurskoðun rammalöggjafar ESB um úrgangsmál með útgáfu nýrrar tilskipunar nr. 2008/98/EB um úrgang. CEMR tók virkan þátt í að koma athugasemdum sveitarfélaga viðs vegar um Evrópu við drög að rammatilskipun á framfæri, bæði við framkvæmdastjórn ESB, og þó sérstaklega við Evrópuþingið. Þorri athugasemda CEMR við drög að tilskipun var tekinn til greina þannig að fulltrúar sveitarfélaga voru nokkuð sáttir þegar endanlegur texti tilskipunarinnar lá fyrir. Nú er að hefjast endurskoðun á tilskipun nr. 2002/96/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang. Fyrstu drög að endurskoðaðri tilskipun voru lögð fram í byrjun desember 2008. Í þeim má finna ákvæði um að öll

meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs verði á ábyrgð framleiðenda, þannig að sveitarfélög myndu þá ekki bera neinn kostnað við meðhöndlun úrgangsins. Að öðru leyti hafa loftslagsbreytingar og aðgerðir til að milda áhrif þeirra verið mjög áberandi í allri umræðu um umhverfismál á vettvangi CEMR. Þar sem losun gróðurhúsalofttegunda tengist orkunýtingu hafa fundir umhverfis- og orkunefnda CEMR verið haldnir sameiginlega að hluta til, til að ræða þessi mál á breiðum grunni. Sveitarfélög í Evrópu eru mjög meðvituð um loftslagsbreytingar og hafa mörg hver mótað sér stefnu til að takast á við hugsanlegar neikvæðar afleiðingar loftslagsbreytinga, svo sem breytts veðurfars og hrakandi búsetuskilyrða vegna hækkunar sjávarstöðu.

### 4.2.2 ACR+

Verkefnisstjóri fór í kynningarheimsókn til ACR+ (Association of Cities and Regions for Recycling and Sustainable Resource management), sem m.a. starfrækir vinnuhópa, svo sem um raf- og rafeindatækjaúrgang. Þessi hópur, WEEE-PIN (Waste electric and electronic equipment Public Interest Network) hefur beitt sér að undanfögnu fyrir því að tilskipun nr. 2002/96/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang verði endurskoðuð þar sem innleiðing hennar hefur ekki tekist sem skyldi. Fylgst verður náið með starfi ACR+ enda eru samtökin öflugur málsvari sveitarfélaga og svæða í Evrópu.



#### 4.2.3 EFTA

Verkefnisstjóri fór í kynningarheimsókn til EFTA, til að kynna verkefnið og til að átta sig betur á stöðu EFTA gagnvart sveitarfélögum og svæðum. Sem stendur hafa EFTA ríkin (Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss) einungis formlegt samstarf við Evrópusambandið á vettvangi ríkisvalds, en athuganir eru í gangi hvort sveitarfélög og héruð EFTA-ríkja geti hafið formlegt samstarf við samtök sveitarfélaga og héraða ESB-ríkja.

#### 4.2.4 Municipal Waste Europe

Annars staðar á Norðurlöndunum eru starfandi öflug samtök opinberra fyrirtækja sem sinna meðhöndlun úrgangs. Á undanförunum árum hafa sveitarfélög staðið í ströngu í að verja forræði sitt á meðhöndlun úrgangs. Til að halda því á lofti og styðja stöðu sveitarfélaga

í því að sinna meðhöndlun úrgangs sem almannaþjónusta hafa þessi samtök stofnað samvinnuverkefni undir nafninu Municipal Waste Europe (MWE). Samband íslenskra sveitarfélaga hefur frá upphafi tekið þátt í undirbúningsvinnu að MWE. Enska heitið á verkefninu átti að undirstrika það að frá upphafi væri stefnan sett á víðtækt samstarf sem myndi ekki einskorðast við Norðurlönd. Fyrsti undirbúningsfundur að MWE var haldinn í mars 2008 í Stokkhólm, en stofnfundur MWE í Kaupmannahöfn í júní. Þá hafði áhugi á þessu verkefni þegar breiðst út og fulltrúar frá svæðinu Flandern í Belgíu og frá Hollandi mætti til fundar í Kaupmannahöfn. Samtök frá þessum löndum eru nú fullgildir aðilar að MWE. Samtök sveitarfélaga í Þýskalandi, Austurríki og Frakklandi hafa sýnt áhuga á aðild að MWE og útlit er fyrir að þau verði aðilar á árinu

2009. Auk funda í Stokkhólm og í Kaupmannahöfn voru haldnir fundir á árinu í Malmö og Brüssel, auk þriggja símafunda.

#### 4.2.5 Kynnisferð til Skotlands

Verkefnisstjóri fór í nóvember 2008 um Skotland til að ræða úrgangsmál við fulltrúa skoskra sveitarfélaga. Fyrsti fundur var í Inverness mánudaginn 3. nóvember með fulltrúum frá Highland og Moray Council. Sveitarfélagið Highland er nyrsti hluti Skotlands, stórt strjálbýlt svæði. Moray er einnig dreifbýlissveitarfélag til austurs frá Inverness. Daginn eftir, 4. nóvember, var fundur í Aberdeen með fulltrúum borgarinnar og nærliggjandi sveitarfélaginu Angus. Loks var haldið til Hjaltlands og fundað þar miðvikudaginn 5. nóvember. Skipulag úrgangsmála í Skotlandi er nokkuð frábrugðið skipulagi þeirra mála hér á landi. Skotland hefur fengið talsvert sjálfstæði




í ýmsum innanríkismálum, þ.m.t. umhverfismálum. Skotland hefur sett sér skýra stefnu í úrgangsmálum sem gengur lengra en reglur Evrópusambandsins segja til um, með stefnu á að verulegur hluti heimilisúrgangs skuli endurninn og að einungis 5% hans skuli fara til urðunar eftir árið 2025. Almennterríkisvaldið mun meira áberandi í stefnumörkun og veitingu upplýsinga um úrgangsmál. Sveitarfélög vinna skv. svæðisáætlunum um meðhöndlun úrgangs. Í því skyni var Skotlandi skipt upp í 11 svæði, í samvinnu ríkis,

sveitarfélaga og atvinnulífs, sem öll hafa unnið sína áætlun. Urðunarstöðum hefur verið lokað kerfisbundið, og endurvinnslan í formi jarðgerðar aukin. Sveitarfélög sjá sjálf um hirðu heimilisúrgangs, en atvinnulífið um sinn úrgang. Urðunarstaðir eru flestir reknir í einkaeigu. Þetta form hefur tíðkast m.a. vegna urðunarskatts sem sveitarfélög og aðrir greiða. Á árinu 2008 nam þessi skattur 35 sterlingspundum á hvert tonn urðaðs úrgangs og hækkar í 40 pund á árinu 2009. Sveitarfélög njóta ríkisstyrkja þegar kemur að fram-

kvæmd úrbóta í meðhöndlun úrgangs. Þannig hefur söfnun á flokkuðum úrgangi hjá heimilum notið styrkja. Fjármagn til slíkra verkefna er sérstaklega eyrnamerkt.

Brennsla úrgangs er enn lítil. Einungis tvær brennslustöðvar eru í rekstri í Skotlandi, önnur þeirra á Hjaltslandi sem sér höfuðstaðnum Lerwick fyrir heitu vatni til að hita hús. Það er helmingi hagkvæmara en að nota olíu. Brennslustöðin hefur fengið 40% af stofnkostnaði úr sjóðum ESB fyrir jaðarbyggðir.



## 5. Ávinningur af verkefninu

Til verkefnisins var m.a. stofnað til að auka áhrif sveitarfélaga í stefnumótun um úrgang og til að móta stefnu sveitarfélaga í úrgangsmálum. Segja má að tekist hafi að koma að sjónarmiðum sveitarfélaga þegar lög um raf- og rafeinda-tækjaúrgang voru samþykkt á Alþingi sl. vor. Kostnaður sveitarfélaga á að minnka miðað við fyrstu frumvarpsdrög laganna en eftir er að sjá hvernig skilakerfið virkar og hvort gjaldskrá fyrir umsýslu þessa á söfnunarstöðvum sveitarfélaga tekur miða af raunkostnaði sem meðhöndlun þessa úrgangs hefur í för með sér á söfnunarstöðvum.

Megináherslur sveitarfélaga í úrgangsmálum liggja nú fyrir. Um er ræða stefnumótun í anda sjálfbærrar þróunar og áhersla er lögð á jákvæð samskipti við aðra aðila sem koma að úrgangsmálum, ríkisvald, atvinnulíf og rannsóknarstofnanir. Segja má að komin sé heildstæð og skýr stefna sem styrkir stöðu sveitarfélaga en þau bera sem veitendur almannaþjónustu ábyrgð á meðhöndlun úrgang.

Þátttaka sveitarfélaga í erlendu samstarfi hefur stóreflst með aðkomu að vinnu evrópskra sveitarfélaga um raf- og rafeindatækjaúrgang, og aðkomu

að vinnu um lokafrágang rammatilskipunar ESB um úrgang. Einnig hafa Samband íslenskra sveitarfélaga tekið þátt í að stofna evrópsk samtök til að standa vörð um ábyrgð sveitarfélaga á meðhöndlun úrgangs og réttinn til að stýra meðhöndlunina. Þetta hefur í för með sér verulega aukningu á upplýsingaflæði um úrgangsmál og möguleika til að hafa áhrif á stefnumótun um úrgangsmál í Evrópu.



## 6. Rekstur verkefnisins 2008

### Rekstrarreikningur ársins 2008

|                                     |                       | 2008                     |
|-------------------------------------|-----------------------|--------------------------|
| <b>Tekjur:</b>                      |                       |                          |
|                                     | <b>Tekjur samtals</b> | <b><u>9.975.560</u></b>  |
| <b>Gjöld:</b>                       |                       |                          |
| Laun og launatengd gjöld            |                       | 8.023.867                |
| Ferða- og fundakostnaður innanlands |                       | 1.129.414                |
| Ferða- og fundakostnaður erlendis   |                       | 709.652                  |
| Félagsgjöld                         |                       |                          |
| <i>Municipal Waste Europe</i>       |                       | 92.298                   |
| Ýmislegt                            |                       | 58.990                   |
|                                     | <b>Gjöld samtals</b>  | <b><u>10.014.221</u></b> |
| <b>Gjöld umfram tekjur</b>          |                       | <b><u>38.661</u></b>     |

